

LANDSRÉTTUR

Úrskurður föstudaginn 16. febrúar 2024

Mál nr. 636/2022:

A

(sjálfur)

gegn

B

(Helga Vala Helgadóttir lögmaður)

Lykilorð

Hæfi dómara.

Útdráttur

Hafnað var kröfu A, um að landsréttardómararnir Eiríkur Jónsson og Ragnheiður Harðardóttir yrðu gert að víkja sæti í málinu.

Dómur Landsréttar

Landsréttardómararnir Eiríkur Jónsson, Ragnheiður Harðardóttir og Þorgeir Ingi Njálsson kveða upp úrskurð í máli þessu.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Áfrýjandi skaut málinu til Landsréttar 17. október 2022. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 27. september 2022 í málinu nr. E-[...]/2021.
- Í þessum þætti málsins er aðeins til úrlausnar krafa áfrýjanda um að tveir dómarar þess, Eiríkur Jónsson og Ragnheiður Harðardóttir, víki sæti í því.
- Stefnda krefst þess að kröfu áfrýjanda verði hafnað.

Málsatvik

- Áfrýjandi höfðaði mál þetta á hendur stefndu, sem er barnsmóðir hans og fyrrverandi sambýliskona, 6. nóvember 2021 til ómerkingar á tilgreindum ummælum sem hún lét falla á tímabilinu 21. desember 2017 til 23. apríl 2018 og til greiðslu bóta. Með hinum áfrýjaða dómi var stefnda sýknuð af kröfum áfrýjanda. Krefst hann þess fyrir Landsrétti að héraðsdómi verði breytt og allar kröfur hans teknar til greina.
- Áður en mál þetta kom til kasta dómstóla höfðaði áfrýjandi mál á hendur Elíasi Halldóri Ágústssyni til ómerkingar ummæla, sem viðhöfð voru í lok árs 2018, og greiðslu miskabóta. Var héraðsdómur í því máli kveðinn upp 22. október 2020. Með honum var fallist á kröfur áfrýjanda. Elías Halldór áfrýjaði dóminum til Landsréttar og var málinu úthlutað til landsréttardómaranna Eiríks Jónssonar og Ragnheiðar Harðardóttur og Ingimundar Einarssonar, setts landsréttardómara. Með dómi réttarins 4. mars 2022 í máli nr. 726/2020 var Elías Halldór sýknaður af kröfum áfrýjanda.

- 6 Fyrirhugað var að aðalmeðferð málsins færi fram 2. febrúar 2024. Með tölvupósti til Landsréttar 29. janúar 2024 gerði áfrýjandi þá kröfu sem er til úrlausnar í þessum þætti málsins. Skilaði hann greinargerð um kröfuna 31. sama mánaðar og fór munnlegur málflutningur um hana fram tveimur dögum síðar.
- 7 Kröfuna byggir áfrýjandi á því að fyrir hendi séu aðstæður sem séu til þess fallnar að draga megi óhlutdrægni landsréttardómaranna með réttu í efa í skilningi g-liðar 5. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Í því sambandi vísar hann til þess að í dómi í landsréttarmálinu nr. 726/2020 hafi dómarnir ályktað með beinum hætti um atriði sem þýðingu hafi við úrlausn þessa máls. Megi áfrýjandi með réttu ætla að þeir hafi þegar tekið afstöðu gegn málatilbúnaði hans sem að auki sé reist á röngum ályktunum í hinu fyrra dómsmáli. Áfrýjandi eigi rétt á því að hlutlaus dómstóll dæmi í máli hans og þar með dómara sem ekki hafi þegar skoðað gögn málsins og tekið afstöðu til þeirra.
- 8 Í greinargerð til Landsréttar í tilefni af þeirri kröfu sem hér er til úrlausnar vísar áfrýjandi til eftirfarandi atriða til frekari stuðnings því að taka beri kröfuna til greina. Þar sé fyrst til þess að líta að fyrir liggi að í hinum áfrýjaða dómi sé í aðalatriðum byggt á „ólöglegri niðurstöðu“ samkvæmt dómi í landsréttarmálinu nr. 726/2020 um að áfrýjandi njóti ekki einkalífsverndar og þar með ekki mannréttinda. Ekki sé raunhæft að ætla að hann geti vænst þess að fá hlutlausa endurskoðun á þessari niðurstöðu fyrir Landsrétti ef umræddir dómara dæma í málinu. Þá sé það svo að samkvæmt dómaframkvæmd fram til þess að Landsréttur kvað þennan dóm sinn upp hafi einstaklingar notið verndar gegn fullyrðingum ótengdra aðila um að þeir hafi gerst sekir um hegningarlagabrot. Með dóminum hafi umræddir dómara svipt áfrýjanda þeirri vernd og þar með gerst sekir um valdmiðslu og grófa mismunun sem augljóslega sé sprottin af persónulegum ástæðum og geðþótta sem ekki verði betur séð en að eigi sér rætur í gagnrýni áfrýjanda á íslenska dómstóla.
- 9 Í ljósi málatilbúnaðar áfrýjanda samkvæmt framansögðu er óhjákvæmilegt að gera grein fyrir dómi Landsréttar í máli nr. 726/2020. Í því gerði áfrýjandi kröfu um að eftirfarandi ummæli yrðu dæmd dauð og ómerk:
 1. A, veistu, ég hef talað við margar konur sem hafa hitt þig og þær segja allar það sama, að þú sér augljóslega ofbeldismaður, því þú getir ekki séð konu án þess að sýna henni ógnandi tilburði.
 2. [É]g hef mínar upplýsingar frá fólki sem hefur engar ástæður til að gera út sögur um hann. Það er ekki fólk sem er í mínum femínistagrúppum, ekki einu sinni dóttir mín sem hefur verið þýðandi og túlkur fyrir [...] fyrirverandi eiginkonu; hún hefur ekki sagt orð um hann, nema að það kemur á hana viðbjóðsgretta þegar hún heyrir nafn hans nefnt. Ég hef mínar upplýsingar frá fólki sem hittir hann af tilviljun og þótti hann minnisstæður einmitt fyrir þetta. Kannski myndirðu þekkja hann fyrir allt annan mann værir þú kona.
 3. A, það eru engar dylgjur, það er algerlega klárt mál að þú ert ofbeldismaður.

- 10 Lýsing á málsatvikum í dómi Landsréttar í framangreindu máli skarast að vissu marki við atvik þessa máls, enda má rekja tilurð beggja málanna til ágreinings á milli áfrýjanda og stefndu um forsjá barns þeirra og birtingarmyndar hans á samfélagsmiðlum og í fjölmiðlum. Er sú umfjöllun að nokkru leyti rakin í dóminum en auk þess vísað til lýsingar héraðsdóms á henni.
- 11 Í niðurstöðukafla dómsins segir í samræmi við framangreint að forsjármál áfrýjanda og stefndu hafi verið til umfjöllunar í fjölmiðlum og að sú umræða hafi verið liður í umfjöllun um rekstur forsjármála, réttindi karla, kvenna og barna í slíkum málum, stöðu erlendra foreldra, tálmanir, kynbundið ofbeldi og fleira. Þá hafi áfrýjandi verið meðal forvígismanna svonefndrar #[...] -hreyfingar, sem kvæðist meðal annars berjast gegn tálmunum mæðra, auk þess sem hann hafi staðið að stofnun Samtaka um karlaathvarf sem ætlað hafi verið að veita þjónustu „fyrir hin fjölmörgu karlkyns fórnarlömb ofbeldis og kúgunar“. Enginn vafi sé á því að umræða um framangreind atriði eigi erindi við almenning og þau ummæli sem deilt sé um í málinu hafi fallið í þjóðfélagsumræðu um þau. Áfrýjandi hafi verið afar virkur í þessari umræðu, bæði með þátttöku í viðtölum og margskonar ummælum í athugasemdakerfum fjölmiðla. Upphaflega hafi hann ekki verið nafngreindur í umfjöllun um forsjármálið en stigið fram sjálfur, lýst sinni hlið og ekki dregið undan í lýsingum á stefndu og ásökunum á hendur henni. Hann hafi ítrekað sakað hana um ofbeldi, hún væri barnsræningi og ofbeldismanneskja, auk þess sem hann hafi fjallað um einkamálefni hennar sem ekki hefðu áður verið til almennrar umfjöllunar, einkum andleg veikindi sem hann kvað hana stríða við, og nefnt þar bæði [...] og fæðingarþunglyndi. Þá hafi hann veist að öðrum sem forsjármálinu tengdust, sagt sýslumann til að mynda hafa brotið lög „til að hygla móður af yfirlýstum femínista“ og ritað stuttu eftir að hin umdeildu ummæli féllu grein þar sem hann hafi sagt stjórnarsýslu, fjölmiðla, [...] og dómstóla hafa aðstoðað barnaræningja og ofbeldismanneskju við að ljúka barnsráni. Þá hafi hann iðulega í umræðunni vísað til ofbeldis sem konur beittu, lýst tálmunum á umgengisrétti og röngum sakargiftum sem ofbeldi og því að karlmenn væru „að þola gríðarlegt ofbeldi í kerfinu“.
- 12 Þá segir í dóminum að áfrýjandi hafi samkvæmt þessu gerst þátttakandi í þjóðfélagsumræðu með afgerandi hætti, fjallað þar um einkamálefni sín og annarra, fullyrt ítrekað um ofbeldi stefndu, lögbrot og ýmiss konar ofbeldi sem hann kvað karla verða fyrir af hendi kvenna og opinberra aðila. Með þessari þátttöku og framgöngu hafi hann ótvírætt mátt gera ráð fyrir að verða fyrir gagnrýni og orðið vegna hennar að þola harðari ummæli um sig en hann hefði þurft ella. Svo virtist sem hann væri reyndar að fullu meðvitaður um þetta.
- 13 Þessu næst er í dóminum vísað til þess að í hinum umdeildu ummælum hafi gagnaðili áfrýjanda notað orðið „ofbeldismaður“ um hann. Þótt orðið geti vissulega vegið að mannorði þess sem það er haft um vísi það ekki með beinum hætti til tiltekins refsiverðs verknaðar sem viðkomandi sé sakaður um. Eins og áður rakin umræða beri

með sér sé orðið ofbeldi raunar oft notað með almennum hætti um háttsemi sem sá sem orðið notar telur andstæða lögum. Þannig hafi áfrýjandi sjálfur ítrekað notað orðið og í rauninni með margskonar hætti í þeirri umræðu þar sem hann hafi lýst stefndu meðal annars sem „ofbeldismanneskju“, auk þess sem hann hafi lýst tálmunum og röngum sakargiftum sem ofbeldi og vísað til þess að karlmenn væru „að þola gríðarlegt ofbeldi í kerfinu“. Þá sé til þess að líta að í dómi Landsréttar 5. mars 2021 í máli nr. 34/2020 hafi verið litið á ummæli er innihéldu orðin „ofbeldi“ og „ofbeldismaður“ sem gildisdóma.

14 Nánar um einstök ummæli sem voru til umfjöllunar í málinu segir þessu næst í dóminum að líkt og gagnaðili áfrýjanda hafi hagað fyrstu ummælum sínum virtist hann einkum byggja notkun orðsins „ofbeldismanneskja“ á meintri ógnandi hegðun áfrýjanda fremur en til dæmis líkamlegu ofbeldi, enda lýsi hann áfrýjanda sem ofbeldismanni þar sem hann „geti ekki séð konu án þess að sýna henni ógnandi tilburði“. Þá hefðu fyrstu tvö ummælin á engan hátt falið í sér fyrirvaralaus fullyrðingu um að áfrýjandi væri ofbeldismaður heldur hafi gagnaðili hans vísað skýrlega til þess að þetta væri eitthvað sem honum hefði verið sagt af konum sem hann hefði rætt við. Þá er vísað til þess að þegar gagnaðili áfrýjanda viðhafði ummæli sín hefðu fleiri en ein kona verið búnað að setja fram opinberlega ásakanir á hendur áfrýjanda um ofbeldi. Þannig hafi stefnda kært hann fyrir ofbeldi og borið um ofbeldi hans í fjölmiðlaviðtali, að minnsta kosti tvær konur fullyrt um ofbeldi hans í athugasemdum og hann borið fram kvörtun til Háskólans í Reykjavík vegna starfsmanns sem dreift hafi fullyrðingum um að hann væri ofbeldismaður. Eins og þessum gögnum væri háttað væri ekki unnt að leggja til grundvallar að gagnaðili áfrýjanda hafi ekki verið í góðri trú um réttmæti þess sem hann tjáði sig um. Þá virtist raunar ljóst af ýmsum ummælum áfrýjanda að hlutur gagnaðila hans í þeirri mannorðsskerðingu sem hann teldi sig hafa orðið fyrir væri fremur lítill, enda hefði áfrýjandi áður en til ummælanna kom lýst því yfir að stefnda væri búin að drepa mannorð hans og lýst því síðan yfir að fjölmiðlar hefðu rústað því. Þá virtist ljóst að sú hreyfing sem áfrýjandi hafi tekið þátt í hafi að einhverju marki leitast við að sýna fram á hatur á körlum með því að dreifa neikvæðum ummælum um þá sem ekki hafi verið ætluð til opinberrar birtingar, en það ætti við um svokölluð femínistaskjöl sem áfrýjandi hafi vísað til í umræðunni, en þau hefðu falið í sér „safn skjáskota sem náðust úr lokuðum hópum femínista“.

15 Um þriðju ummælin sem deilt var um í málinu segir í dóminum að með þeim hafi verið gengið lengra en við ætti um hin fyrri tvö, enda væri þar fullyrt án fyrirvara að áfrýjandi væri ofbeldismaður. Á hitt sé að líta að ummælin hafi komið fram sem svar við innleggi áfrýjanda þar sem hann hafi sagt gagnaðila sinn meðal annars vera hluta af haturshópum sem réðust að feðrum er stæðu halloka í forsjármálum. Þá ættu sömu sjónarmið og áður væri lýst við um notkun á orðinu ofbeldi og þá þjóðfélagsumræðu sem um hafi verið að ræða sem, ásamt samhengi ummælanna við önnur ummæli gagnaðila áfrýjanda, gerði það að verkum að fremur yrði að líta á þau sem gildisdóm

en beina staðhæfingu um staðreynd. Auk þess ætti hér við það sem áður væri rakið um þá skertu einkalífsvernd sem áfrýjandi yrði að þola vegna þátttöku sinnar og framgöngu í umræðunni. Að því virtu væru ekki efni til að láta annað gilda um þriðju ummælin en þau fyrri tvö heldur yrði þau metin sem ein heild.

- 16 Með vísan til framangreinds var það niðurstaða Landsréttar að hin umdeildu ummæli hefðu fallið í þjóðfélagsumræðu sem áfrýjandi hafi tekið afar virkan þátt í, hann hafi þar fjallað um einkamálefni sín og annarra, fullyrt ítrekað um ofbeldi og lögbrot stefndu og fleiri aðila. Gagnaðili hans hafi tekið þátt í þeirri umræðu, eftir að stefnda og fleiri aðilar hefðu fullyrt um ofbeldi af hálfu áfrýjanda, og notað orðið „ofbeldismaður“ um hann. Orðið hafi ekki skýrt afmarkaða merkingu og hafi í þeirri umræðu sem málið endurspegli verið notað með almennum hætti, þar á meðal af áfrýjanda, og verði í því samhengi sem það hafi verið notað talið hafa yfirbragð gildisdóms. Þá hafi gagnaðili áfrýjanda ekki fullyrt án fyrirvara að áfrýjandi væri ofbeldismaður heldur gert ljóst að honum hefði verið sagt það af konum sem hann hefði rætt við, þótt hann hefði gengið lengra í síðustu ummælum sínum í kjölfar þess að áfrýjandi hafi beint spjótum sínum að honum. Eins og ummælunum og fyrirliggjandi gögnum væri háttað væri ekki unnt að leggja annað til grundvallar en að gagnaðili áfrýjanda hafi verið í góðri trú um sannleiksgildi ummæla sinna og verði ekki krafinn frekari sönnunar en felist í því sem hann hafi tilgreint. Þá væri ljóst að samkvæmt fyrirliggjandi ummælum áfrýjanda sjálfs virtist sem þau ummæli sem deilt væri um hefðu ekki vegið þungt við þann mikla mannorðshnekki sem áfrýjandi teldi sig hafa orðið fyrir. Að öllu þessu virtu yrði í ljósi þeirra sjónarmiða sem líta bæri til þegar rétturinn til tjáningarfrelsis væri veginn á móti friðhelgi einkalífs að álíta að sú tjáning sem um væri deilt rúmaðist innan þess frelsis sem gagnaðili áfrýjanda nyti samkvæmt 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Takmörkun tjáningar hans með ómerkingu ummæla eða skyldu til greiðslu miskabóta teldist þannig ekki uppfylla skilyrðið um nauðsyn í lýðræðislegu þjóðfélagi. Af því leiddi að sýkna yrði gagnaðila áfrýjanda af kröfum hans.
- 17 Áfrýjandi leitaði leyfis Hæstaréttar til að áfrýja dóminum en beiðni hans var synjað með ákvörðun réttarins 3. maí 2022.
- 18 Þess er loks að geta að í dóminum er gerð svohljóðandi grein fyrir því sem fram kom í framburði gagnaðila áfrýjanda fyrir Landsrétti:

Hann kvað konur sem hann þekkti hafa sagt sér frá yfirgangssemi [áfrýjanda] í garð kvenna. Þetta hefðu verið tvær til þrjár sögur. Ein hefði verið á þann veg að [áfrýjandi] hefði mætt á heilsugæslustöð þar sem barnsmóðir hans hefði verið boðuð en hún hefði hins vegar breytt tímabókuninni. Hefði [áfrýjandi] sýnt hjúkrunarfræðingi sem ræddi við hann yfirgang og hefði verið bókað um atvikið á heilsugæslustöðinni. Í annað skipti hefði sami hjúkrunarfræðingur hitt [áfrýjanda] og barnsmóður hans saman og hefði hann þá sífellt leitast við að yfirtaka samtal þeirra og viljað að það færi fram á hans forsendum. [Gagnaðili áfrýjanda] kvaðst hafa trúað þessum sögum vegna þess að hann treysti þeim

sem sögðu honum þær. Hann hefði ekki viljað nafngreina konurnar þar sem hann taldi að þær hefðu kannski verið að greina frá einhverju sem þær mættu ekki segja frá og ekki viljað skaða þær. Nánar spurður um hvaða konur hefðu sagt honum frá þessu kvað hann það vera eina og sömu konuna, það er framangreindur hjúkrunarfræðingur. Sérstaklega spurður um þriðju ummælin sem deilt er um í málinu kvaðst hann hafa byggt þau á framgöngu [áfrýjanda] á internetinu, sem og fréttáflutningi. Það að hann hefði sagt [áfrýjanda] vera ofbeldismann hefði verið „meira svona siðferðisdómur um svona almenna framkomu“ hans, það er „yfirgangssemi án góðrar ástæðu“. Spurður um tilganginn með ummælunum svaraði [gagnaðili áfrýjanda] því til að ef honum sýndist einhver fara með rangt mál fyndist honum alltaf að hann yrði að leiðrétta það. Ummælin hefði hann látið falla í tengslum við „stærri umræðu sko um bæði femínisma og ofbeldi og fleira“. Þau hefðu ekki öll fallið á sama tíma.

Af hálfu áfrýjanda er sérstaklega á því byggt í þessum þætti málsins að dómarrar Landsréttar hafi ranglega ályktað á þann veg að gagnaðili hans hafi verið í góðri trú þegar hann viðhafði umrædd ummæli, enda hafi hann viðurkennt að hafa logið fyrir héraðsdómi og að auki orðið uppvís að frekari lygum svo sem áfrýjandi telur sig meðal annars hafa leitt í ljós með nýjum gögnum sem hann hefur lagt fram. Með því að hafa á þennan hátt rangtúlkað skýrslugjöf hafi dómarrarnir brotið gegn rétti áfrýjanda til réttlátrar málsmeðferðar og geti því ekki talist óhlutdrægir gagnvart honum.

Niðurstaða

- 19 Svo sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 8. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995, ber öllum réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur með réttlátri málsmeðferð fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að fyrrnefndum lögum segir að skilyrðið um óhlutdrægan dómstól feli í sér áskilnað um að dómari í máli þurfi að vera hlutlaus og aðilar njóti jafnræðis að því leyti en ákvæðið sækir fyrirmynd sína í 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Þar segir að þegar kveða skal á um réttindi og skyldur manns að einkamálarétti skuli hann eiga rétt til réttlátrar málsmeðferðar fyrir sjálfstæðum og óvilhöllum dómstóli.
- 20 Við mat á hæfi dómara til að fara með mál er til þess að líta að tilgangur hæfisreglna að réttarfarslögum er ekki aðeins að koma í veg fyrir að dómari dæmi mál ef hann er hlutdrægur gagnvart aðilum þess eða sakarefni, heldur jafnframt að tryggja traust bæði aðila máls og almennings til dómstóla með því að dómari standi ekki að úrlausn máls þegar réttmætur vafi gæti risið um óhlutdrægni hans. Sé slíkur vafi er óhjákvæmilegt að dómari víki sæti, sbr. til dæmis dóma Hæstaréttar 1. mars 2023 í máli nr. 40/2022 og 18. október 2023 í máli nr. 7/2023.
- 21 Hafi dómari í einkamáli áður dæmt um sakarefni í einu máli leiðir það eitt ekki til vanhæfis hans í öðru máli í skilningi g-liðar 5. gr. laga nr. 91/1991 að málsaðili sé þar hinn sami og atvik að einhverju leyti hin sömu, sbr. til hliðsjónar dóma Hæstaréttar 10. júní 2009 í máli nr. 263/2009 og 30. ágúst 2000 í máli nr. 305/2000. Þá veldur seta dómara í máli sem hann hefur áður dæmt ekki vanhæfi hans í málum um hliðstætt

sakarefni, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 10. desember 2020 í máli nr. 20/2020. Það sama gildir þegar niðurstaða fyrra máls sem dómari hefur sett í kann að hafa einhverja þýðingu í síðara máli, sbr. til dæmis dóm Hæstaréttar 11. febrúar 2004 í máli nr. 6/2004. Um framangreint er jafnframt vísað til dóms réttarins 23. nóvember 2023 í máli nr. 49/2023.

- 22 Í máli því sem hér er til meðferðar verður við mat á hæfi dómara tveggja byggt á framangreindu. Er og sérstaklega til þess að líta að um er að ræða atvik og aðstæður sem einungis tengjast fyrri dómstörfum þeirra, svo sem rakið hefur verið, en ekki öðrum atvikum.
- 23 Því verður ekki fundinn staður að umræddir landsréttardómarar hafi í hinu fyrra máli áfrýjanda lýst einhverjum þeim viðhorfum til hans að draga megí óhlutdrægni þeirra í þessu máli með réttu í efa. Þá verður dómari ekki vanhæfur eingöngu vegna einhliða ummæla eða huglægrar afstöðu sem aðrir kunna að hafa til hans og skiptir þá venjulega ekki máli þótt ummæli eða afstaða aðila geti verið til þess fallin að vekja neikvæð hughrif hjá dómara gagnvart þeim sem þau stafa frá. Það færi í bága við þá grundvallarreglu, sem er einn þáttur í réttarríki, að aðilar velji sér ekki dómara og dómara velji sér ekki þau mál sem þeir dæma, sbr. dóma Hæstaréttar 9. desember 2020 í máli nr. 31/2020 og 1. mars 2023 í máli nr. 40/2022.
- 24 Að öllu framangreindu virtu verður ekki talið að fyrir hendi séu atvik eða aðstæður sem séu fallnar til þess að draga megí óhlutdrægni dómara í efa í skilningi g-liðar 5. gr. laga nr. 91/1991. Verður því hafnað kröfu áfrýjanda um að þeir víki sæti í málinu.

Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfu áfrýjanda, A, um að landsréttardómararnir Eiríkur Jónsson og Ragnheiður Harðardóttir víki sæti í máli þessu.